

Varðandi frístundarútur

Til : Póstlisti Mosfellsbæjar <mos@mos.is>
Frá : Dagný Ósk Símonardóttir <dagnyosk@mos.is>
Heiti : Varðandi frístundarútur
Málsnúmer : 202208785
Málsaðili : Mosfellsbær
Skráð dags : 19.10.2022 13:41:15
Höfundur : Dagný Ósk Símonardóttir <dagnyosk@mos.is>

From: Stjorn Sammos <stjornsammos@gmail.com>
Sent: þriðjudagur, 30. ágúst 2022 01:16
To: Linda Udengard <linda@mos.is>; Póstlisti Mosfellsbæjar <mos@mos.is>
Subject: Varðandi frístundarútur

Some people who received this message don't often get email from stjornsammos@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Berist til framkvæðastjóra fræðsluviðs og fræðslunefndar Mosfellsbæjar

Sammos sendir hér formlegt erindi með þeirri ósk að Mosfellsbær endurskoði núverandi fyrirkomulag frístundarútu, tímasetningar og þjónustuna sem veitt er með henni.

Foreldrar barna í Krika-, Lágafells- og Helgafellsskóla hafa fengið þau skilaboð að þau börn sem noti þjónustu frístundarútunnar eigi ekki afturkvæmt með rútunni eftir klukkan 16:00 á daginn. Miðað við núverandi tímatöflu Aftureldingar, þýðir það að nemendur í ofangreindum skólum geta ekki stundað íþróttablöndu, fimleika og körfubolta nema fjölskyldur þeirra geti komið á fót öðru fyrirkomulagi við að koma börnunum til síns heima. Þar sem íbúar Mosfellsbæjar sækja flestir vinnu utan bæjarfélagsins er ekki raunhæft að allir geti sótt börnin sín klukkan 16:00 á daginn. Nemendur þessara skóla búa flestir í allnokkurri fjarlægð frá íþróttamiðstöðinni að Varmá og eru því of ung til að koma sér sjálf heim að tómsundum loknum.

Sammos telur að börn í ofangreindum skólum sitji ekki við sama borð og börn í Varmárskóla þegar kemur að því að stunda þær íþróttir sem þeir kjósa þar sem sumir foreldrar ofangreindra skóla hafa orðið að neita börnum sínum að stunda þær íþróttir sem þau langar til eða ýta þeim í átt að öðrum tómsundum fyrir það eitt að æfingarnar eru á heppilegri tímum, en foreldrar barna í Varmárskóla eiga þann kost að börn þeirra fari aftur í frístund að íþróttæfingu lokinni.

Þetta er ekki í fyrsta skipti þar sem vakin er athygli á þessu, á síðasta skólaári var sama vandamál leyst með þeim hætti að Afturelding seinkaði æfingum á daginn til að gera foreldrum auðveldar fyrir að sækja börn sín að loknum vinnudegi.

Sammos telur að þetta vandamál mætti einnig leysa með þeim hætti að bjóða upp á frístundarútu til klukkan 16:30 á daginn, þannig kæmust börn annað hvort aftur í frístund eða örugg til síns heima. Sammos skorar á Mosfellsbæ og Aftureldingu að finna lausn á þessu til frambúðar sem allra fyrst.

Virðingafyllst

F.h. SAMMOS - Samtök foreldrafélaga grunnskóla Mosfellsbæjar

Elín María Jónsdóttir